



Fundur stjórnar Hamra 14. mars. 2018

Tillögur til skátaþings haldið í Reykjavík í apríl 2018

Tillaga um tímasetningu landsmóts.

Stjórn Hamra leggur til að næsta landsmót skáta verði haldið að Hömrum árið 2020 og miðað sé við að mótið verði haldið í lok júní.

Greinargerð.

Samkvæmt fyrri samþykktum skátaþings á landsmót skáta að vera að Hömrum árið 2020.

Það er mikilvægt fyrir starfsemi eins og rekin er að Hömrum að allar tímasetningar á stórviðburðum liggi fyrir tímanlega svo hægt sé að miða starfsemina við það t.d. ýmsar framkvæmdir og bókanir fram í tímann. Þar sem tíðni landsmóta hefur verið nokkuð á reiki er þessi tillaga lögð fram. Við bendum á að dagsetning landsmóta skiptir rekstur svæðisins verulegu máli. Rekstrarlega væri betra fyrir Hamra að halda mótin utan mesta annatímans á svæðinu, þegar mest af tekjum ársins koma inn. Þetta breytir þó ekki áhuga okkar á að bjóða svæðið fram til mótshaldsins og viljum bjóða eins góða aðstöðu og okkur er mögulegt. Við bendum aðeins á þann möguleika á að dagsetningar verði skoðaðar í samræmi við ofanritað.

Fh. Stjórnar Hamra.

Tryggvi Marinósson